



Einfaldari og hagkvæmari séreign

LSR hefur breytt séreignarleiðum sínum til að gefa sjóðfélögum skýrari valkosti, auka skilvirkni í rekstri og skila þannig enn meiri ávöxtun beint til sjóðfélaga. Sjóðurinn býður nú tvær skýrar fjárfestingarleiðir:

Verðbréfaleið tekur mið af fjárfestingarstefnu A-deildar LSR sem gerir eignastýringu og umsýslu skilvirkari. Fjárfest er í hlutabréfum og skuldabréfum sem eykur sveiflur en hefur sögulega skilað góðri ávöxtun til lengri tíma.

Innlánaleið nýtir innlánsreikninga til að lágmarka áhættu og sveiflur og nýtist því best til að ná stöðugleika á inneignina á efri árum þegar stutt er í að útgreiðslur hefjist.

Vandaðu valið á séreignarsjóði!

Til að fá sem mest út úr séreignarsparnaðinum er mikilvægt að vanda valið á séreignarsjóði, því hár kostnaður, þóknarir og gjöld geta dregið verulega úr þínum ávinningi. Hjá LSR er þetta einfalt, **því við tökum engin upphafsgjöld, þóknarir né útgreiðslukostnað**. Verðbréfaleið LSR er jafnframt í hópi þeirra séreignarsjóða sem hafa skilað bestri raunávöxtun síðustu 10 ár skv. samantekt Aurbjargar.

[Sækja um séreign](#)

Eignir jukust um nær 100 milljarða

Hrein eign LSR var rétt tæpir 1.664 milljarðar í árslok 2025, sem er aukning um rúma 97 milljarða milli ára. Nafnávöxtun LSR, sem er stærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið, var 6,6% á árinu 2025 og hrein raunávöxtun var 2,7%. Raunávöxtunin hefur verið að meðaltali 3,8% sl. 10 ár.

Á síðasta ári voru hreinar tekjur sjóðsins af fjárfestingum tæpir 104 milljarðar króna og er það í sjötta skiptið á síðustu 10 árum sem árlegar fjárfestingartekjur eru meira en 100 milljarðar. Á þessu 10 ára tímabili hefur hrein eign LSR aukist um 1.081 milljarð króna og af þeirri aukningu voru fjárfestingartekjur um 922 milljarðar króna, um 85% aukningarinnar.

Á árinu greiddi LSR sjóðfélögum nær 118 milljarða króna í lífeyri til rúmlega 27.000 sjóðfélaga og fjölgaði lífeyrispegum um ríflega 1.100. Að meðaltali greiddu nær 32.200 sjóðfélagar til sjóðsins.

Bættar rafrænar umsóknir

LSR hefur tekið í notkun nýjar og endurbættar rafrænar umsóknir. Nýju umsóknirnar eru einfaldari og þægilegri í notkun fyrir sjóðfélaga og gera jafnframt alla úrvinnslu fljótlegri.

Umsóknirnar nýta upplýsingakerfi LSR til að birta eingöngu þær upplýsingar og þá valkosti sem eru viðeigandi hverju sinni. Sem dæmi fær sjóðfélagi sem á einungis réttindi í A-deild engar spurningar sem tengjast B-deild þegar sótt er um eftirlaun, sem styttnir og einfaldar umsóknarferlið.

Fyrstu tvær umsóknirnar voru teknar í notkun í nýju kerfi í lok síðasta árs og síðan þá hafa fleiri bæst við jafnt og þétt. Áfram verður unnið að yfirfærslu umsókna LSR á næstu mánuðum.

Samþykktarbreytingar

Fyrr á árinu voru gerðar tvíþættar breytingar á samþykktum sjóðsins. Annars vegar sneru þær að breyttri aðferðafræði við ákvörðun lífeyrisaukaiðgjalds, sem innheimt er af launagreiðendum. Hins vegar voru gerðar breytingar til að samræma verklag við örorkulífeyri við aðra lífeyrissjóði.

[Nánar um samþykktarbreytingarnar](#)


Yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2025

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Iðgjöld	52.362	742	1.775	54.879
Lífeyrishækkunar	0	38.990	0	38.990
Uppgreiðslur og innborganir vegna skuldbindinga	8.489	11.035	0	19.524
Lífeyrir	(31.264)	(85.006)	(1.306)	(117.577)
Hreinar fjárfestingartekjur	82.441	19.271	1.940	103.652
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(1.496)	(738)	(32)	(2.266)
Hækkun á hreinni eign á árinu	110.532	(15.707)	2.377	97.201
Hrein eign frá fyrra ári	1.302.404	233.167	31.173	1.566.744
Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok árs	1.412.936	217.460	33.549	1.663.945

Fjárhæðir í milljónum króna

Hrein eign til greiðslu lífeyris

í milljónum króna




Efnahagsreikningur 31.12.2025

	A-deild	B-deild	Séreign	Samtals
Innlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	235.318	37.758	5.624	278.700
Erlendir eignarhlutir í félögum og sjóðum	647.729	81.481	8.156	737.366
Ríkisskuldabréf	183.121	45.186	2.182	230.490
Útlán til sjóðfélaga	128.119	17.413	0	145.532
Önnur skuldabréf	198.925	20.789	1.173	220.887
Bankainnistæður	17.181	17.662	16.488	51.331
Kröfur á launagreiðendur og aðrar eignir	5.335	199	3	5.537
Skuldir	(2.792)	(3.028)	(77)	(5.897)
Hrein eign til greiðslu lífeyris í lok árs	1.412.936	217.460	33.549	1.663.945

Fjárhæðir í milljónum króna

Lífeyrisgreiðslur

í milljónum króna



Kennitölur 2025


	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	Tilgreind séreign	Samtals
Nafnávöxtun	6,3%	8,9%	6,4%	7,4%	5,6%	6,2%	6,6%
Hrein raunávöxtun	2,4%	5,0%	2,6%	3,6%	1,8%	2,4%	2,8%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	1,4%	1,2%	0,6%	-0,3%	0,9%	—	1,3%
10 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	3,9%	4,0%	3,7%	2,5%	1,3%	—	3,8%
Verðbréfaeign í íslenskum krónum	51,2%	56,8%	46,1%	69,9%	100%	60,1%	52,3%
Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum	48,8%	43,2%	53,9%	30,1%	0%	39,9%	47,7%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	31.408	521	1.065	657	1.131	648	32.196
Meðalfjöldi lífeyrisþega	15.442	19.313	103	41	267	3	27.044
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	0,11%	0,33%	0,12%	0,12%	0,08%	0,12%	0,14%

Lífeyrisskuldbindingar samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2025

	A-deild
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	16.775
Hrein eign í hlutfalli af heildarskuldbindingum	0,8%

Fjárhæðir í milljónum króna

Verðbréfaeign LSR 2025



Stjórn LSR

Jökull Heiðdal Úlfsson formaður stjórnar, Unnur Berglind Friðriksdóttir varaformaður stjórnar, Árni Stefán Jónsson, Magnús Þór Jónsson, Ólafur Hvanndal Ólafsson, Ragnhildur Jónsdóttir, Sonja Ýr Þorbergsdóttir, Viðar Helgason varamaður.

Framkvæmdastjóri LSR

Harpa Jónsdóttir